

Starfsáætlun 2017-2018



Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Leikskólastjóri
Nóvember 2017

Efnisyfirlit

Starfsáætlun.....	3
Starfsemi leikskólans.....	3
Uppeldislegar áherslur	4
Uppeldisstefna Arkarinnar er byggð á hugmyndafræði hugs míðahyggju.	4
Könnunaraðferð	4
Könnunarleikur.....	4
ART	5
Tákn með tali.....	5
Kjörorð leikskólans eru „Leikur einn“	5
Grunnþættir menntunar	6
Dagskipulag	6
Foreldrasamstarf.....	7
Aðlögun	7
Foreldrasamvinna	7
Foreldraviðtöl.....	7
Kynningarfundir	7
Foreldrafélag	7
Foreldraráð	8
Mat á skólastarfi	8
Ytra mat.....	8
Innra mat.....	8
Matsáætlun.....	9
Samstarf leik- og grunnskóla.....	9
Símenntun.....	10
Starfsdagar	10
Stoðþjónusta	10
Öryggis og slysavarnarmál	10
Skemmtinefnd.....	11
Umbótaáætlun.....	11
Framtíðarsýn - Lokaorð	11
Starfsmenn.....	12
Fastir liðir í leikskólastarfi	13
Skóladagal	15

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfsemi. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Arkar skólaárið 2016-2017 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Við erum 5 deilda leikskóli. Síðasta vetur var bætt við starfsfólki í samræmi við fjölda nemenda auk þess sem bætt var við afleysingu vegna fjarveru nema í leikskólakennarafræðum sem og almennum auknum fjölda starfsmanna. Næsta vetur verðum við með 5 leikskólakennaranema í leikskólanum.

Í vetur verður elsta deildin aldurshrein á Undralandi. Árgangar 2013-2014 verða á Tónalandi og Ævintýralandi. Óskaland og Draumaland verða sem áður eins upp byggðar með tvo yngstu árgangana fyrir áramót en eftir áramót munu börn fædd árið 2017 bætast við eftir því sem á líður.

Í vetur stendur til að breyta og bæta vinnuaðstæður í leikskólanum. Keypt var borðplata og hillur í undirbúningsherbergi starfsmanna til að bæta aðstöðu í undirbúningstímum starfsmanna. Í Litla Dímon var ákveðið að bókasafnið yrði einnig fundarherbergi sem notað væri fyrir alla fundi.

Aðstoðaleikskólastjóri fékk vinnuaðstöðu á skrifstofu leikskólastjóra. Einnig breyttust undirbúningstímar deildarstjóra en þeir fara allir í undirbúning klukkan 14:30 á daginn og eru til klukkan 16:00. Áætlað er að deildastjórafundir verði einnig á þessum tíma einn dag í viku. Við þessa breytingu fá deildarstjórar meiri undirbúningstíma á viku.

Markmið Arkar eru:

- að veita nemendum hlýju, umhyggju, öryggi og aga.
- að efla sjálfstæði, samkennd og lífsleikni.
- að efla alhliða þroska nemendanna.
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra.
- að viðhalda starfsgleði í leikskólanum.

Starfsemi leikskólans

Leikskólinn Örk starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla (2011) og skólastefnu Rangárpings 2015-2020. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem áhersla er lögð á sérkenni, menningu og starfshætti viðkomandi skóla. Skólanámskrá Arkar er í gildi og uppfær árlega.

Uppeldislegar áherslur

Starf leikskólans tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og *Aðalnámskrá leikskóla* (2011).

Í 2 gr. laganna segir:

„Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Hlutverk leikskóla er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

Uppeldisstefna Arkarinnar er byggð á hugmyndafræði hugsmíðahyggju.

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Nemendur eru virkir í eigin námi og eru hvattir til að ígrunda, leita lausna og rökræða og læra með því að byggja ofan á fyrri hugmyndir, reynslu og þekkingu. Til þess að ná fram þeim þáttum sem við viljum, leggjum við áherslu á leik, könnunaraðferð og könnunarleik, auk þess sem allt starf okkar miðast við þessa hugmyndafræði.

Könnunaraðferð

Eitt ákveðið efni eða þema er valið og er gerð nákvæm athugun á því út frá áhuga nemendanna. Verkefnið hefur raunverulegan tilgang og vinnan er áþreifanleg þar sem nemendur eru í sífellu að læra með því að kanna og framkvæma og úr verður uppgötvunarnám. Upplýsingaöflun, opnar spurningar og vettvangskönnun eru lykilatriði til að byggja upp þekkingu án beinnar kennslu.

Í byrjun er öll sú þekking og kunnátta sem hópurinn býr yfir sett á blað. Út frá því eru settar fram tilgátur og efnið rannsakað. Í lokin er efnið síðan reifað og niðurstaða sett fram.

Könnunarleikur

Nemendur á öðru og þriðja ári hafa mikla þörf fyrir að rannsaka og uppgötva á eigin spýtur, kanna umhverfi sitt, uppgötva eiginleika og eðli hluta. Nemendur fá að starfa af eigin hvötum og örva öll skynfæri m.a. með því að hlusta, snerta og skoða. Unnið er með fjölbreytt verðlaust efni og annað sem ekki hefur fyrirfram ákveðinn tilgang og fá nemendur að vinna án afskipta kennara sem eru þó til staðar og styðja við leikinn.

ART

Við notum ART kennslu til að þjálfra félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferði. Nemendur þurfa að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og skilja orsök og afleiðingu. Eins þurfa þeir að geta tekist á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum.

ART stendur fyrir Aggression Replacment Training og miðar að því að draga úr og fyrirbyggja óæskilega hegðun með því að kenna félagsvæna hegðun. ART tekur til hegðunar, hugsunar og tilfinninga og byggir á lögmálum hugrænnar atferlismeðferðar. Unnið er með félagsfærni (Skillstreaming), reiðistjórnun (Anger control training) og umræður um siðferðileg álitamál (Moral Reasoning). Með því að efla lífsleikninám í leikskólanum er verið að vinna að markmiðum skólans og auka samfellu á milli leik- og grunnskóla þar sem Hvolsskóli vinnur áfram með AST þjálfun. Stefna okkar er að geta ávallt boðið elstu nemendum skólans ART þjálfun og jafnvel fleirum eftir því sem fleiri kennarar öðlast réttindi. Þannig er unnið markvissara með félagsfærni, lífsleikni og samvinnu á milli leik- og grunnskóla. Leikskólabörnin verða enn betur í stakk búinn að byrja í grunnskólanum þar sem þau eru aðferðir og vinna sem þau eru kunnug.

Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform sem ætlað er heyrandi fólki sem tekst á við mál- eða talörðuleika. TMT er ávallt notað samhliða tali og byggir á eðlilegu talmáli þar sem lykilorð hverrar setningar eru táknuð. Ástæðan fyrir því að nota TMT í leikskólanum er m.a. sú að mikilvægt er að koma til móts við þarfir allra barna sem þau dvelja. Börn eru ótrúlega fljót að ná færni í notkun á táknum eins og þeim sem notuð eru í TMT og nýtist þetta öllum börnum – ekki bara þeim sem eiga við einhverskonar mál- eða talörðuleika að etja. TMT er því einskonar hjálpartæki og er sérstaklega gott fyrir þau börn sem ekki hafa náð tökum á talmálinu. Tjáskiptaleiðin örvar jafnframt málskilning og málvitund. Því leggjum við mikla áherslu á að innleiða þetta á öllum deildum. Til þess að sú vinna verði sem markvissust var sett saman TMT teymi síðastliðinn vetur og er einn fulltrúi af hverri deild í því. Teymið hittist reglulega og setur niður áherslur fyrir framhaldið og fer yfir hvernig gengur. Stefnt er að því að kynna og innleiða ný tákn vikulega og TMT er fléttað inn í söng, lestur og umræður með börnunum.

Kjörorð leikskólans eru „Leikur einn“.

Þessi kjörorð lýsa afstöðu okkar og hugmyndum til leikskólastarfsins:

Viðhorf

- Viðhorf okkar til verkefna og náms nemenda.
- Vinnan á að vera í samræmi við aldur og þroska þannig að hvorki verkefni né leikefni séu of einföld eða of þung, heldur krefjandi og spennandi.

Leikur

- Leikurinn er númer eitt og hann er það sem starf okkar byggist á.
- Börn læra best í gegnum leik og í frjálsum leik geta þau óhindrað unnið að verkefnum sem reynsla þeirra og þroski gefa tilefni til.

Skólabragur

- Við viljum sjá leikandi létt andrúmsloft þar sem samvinna, samábyrgð, traust og gleði ríkir milli samstarfsfólks, kennara og nemenda.

Grunnþættir menntunar

Markmið leikskólans er að nemendur nái þeim þroska sem þeim er mögulegur í leik- og gleðiríku umhverfi. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Aðalnámskráin setur ákveðinn ramma um skólastarfið og veitir leiðsögn um tilgang þess og markmið. Í Aðalnámskránni er menntastefnan reist á sex grunnþáttum menntunar. Allir grunnþættirnir eru hafðir að leiðarljósi við gerð námskrárinnar og fléttast inn í allt starf leikskólans og leik og nám nemenda. Grunnþættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Samkvæmt aðalnámskránni eru námssvið leikskóla áherslupættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru sett upp út frá grunnþáttunum of mynda þættina: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning.*

Dagskipulag

Dagsskipulagið byggist á frjálsum leik, hópastarfi og daglegum athöfnum. Það er misjafnt milli deilda en þó er ákveðin grunnur sem myndar umgjörðina:

- 7:45-8:00 Leikskólinn opnar
- 8:00-8:45 Morgunmatur
- 8:45-10:00 Frjáls leikur og samvera og ávaxtatími
- 10:00-11:30 Hópastarf/Útivera
- 11:00-12:00 Hádegismatur
- 12:00-13:00 Hvíld/róleg stund
- 13:00-14:30 Útivist/frjáls leikur
- 14:30-15:00 Síðdegishressing
- 15:00-17:00 Frjáls leikur
- 17:00-17:15 Leikskólinn lokar

Foreldrasamstarf

Aðlögun

Aðlögun er sá tími sem barnið kynnist starfsfólki, hinum börnunum og húsakynnum leikskólans. Aðlögun er ekki einungis aðlögun barnsins, heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk til þess að kynnast og virða fyrir sér uppeldisaðferðir í sameiningu.

Foreldrasamvinna

Við leggjum áherslu á góð samskipti og viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann. Það er mikilvægt að góð samvinna takist milli foreldra og starfsfólks.

Til að barninu líði sem best í leikskólanum er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk, þ.e. viðfangsefni og atvik dagsins. Oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Þá geta upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsfólki að vinna úr þeim málum.

Á heimasíðu skólans eru settar inn upplýsingar t.d. fréttir úr starfinu, myndir, mánaðardagatöl og fleiri upplýsingar. Leikskólinn nýtir sér einnig mátt facebook og er með síður þar. Ein síða er sameiginleg fyrir foreldra og starfsfólk auk þess sem hver deild er með sér síðu. Á hverri deild er einnig upplýsingatafla þar sem starfsfólk skráir fréttir dagsins eða áminningar um það sem framundan er, þannig er hægt að fylgjast vel með hvað börnin hafa haft fyrir stafni. Í vetur verður unnið að því að taka í notkun nýja heimasíðu. Heimasíðan er sem slík sambærileg þeirri fyrri en hefur marga nýja möguleika. Henni fylgir m.a. sá möguleiki að foreldrar geti tengst henni með appi og fengið þannig upplýsingar beint í símann sinn.

Foreldraviðtöl

Skipulögð foreldraviðtöl eru við alla foreldra einu sinni á ári og eru þau haldin í kringum afmælisdaga barnanna. Tilgangur viðtalanna er að skiptast á upplýsingum um barnið og efla samstarf milli leikskóla og heimilis. Foreldrar og kennarar geta einnig óskað eftir viðtölum eins og þurfa þykir.

Kynningarfundir

Að hausti eru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra þar sem vetrarstarfið er kynnt. Hver deild er með sinn dag og fara fundirnir fram milli kl 15- 16. Farið er yfir fjölda á deild, áherslur í starfi, dagskipulag o.fl.

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við leikskólann. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðilum: formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og þrír hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á haustin ár þar sem farið er yfir fyrra ár og stjórnarskipti fara fram. Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að og efla samskipti heimila og skóla. Foreldrafélagið aðstoðar við ýmsa atburði og eins er haldin sameiginleg vorhátíð – opið hús að vori. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra, staðið fyrir fræðsluerindum auk þess sem það færir leikskólanum reglulega gjafir.

Foreldrafélag veturinn 2017-2018 skipa:

- Ólöf Bjarnadóttir formaður
- Christiane Leonor Bahner gjaldkeri
- Hildur Ágústadóttir, ritari
- Árný Lára Karvelsdóttir, meðstjórnandi
- Elísabeth Lind Ingólfadóttir meðstjórnandi

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann og er það skipað 4 fulltrúum en einn þeirra er kosinn fulltrúi foreldrafélagsins og myndar þannig tengingu milli þessara nefnda. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð veturinn 2016-2017 skipa:

- Ester Sigurpáldóttir formaður
- Björk Guðnadóttir ritari
- Árný Lára Karvelsdóttir

Mat á skólastarfi

Sérstaða og gildi hvers skóla eru leiðandi fyrir hvernig metið er. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt.

Ytra mat

Annað hvert ár er lögð fyrir foreldrakönnun þar sem foreldrar meta skólann. Á þessu skólaári verður starfsmannakönnun um ýmsa þætti er snúa að vellíðan í starfi, vinnuaðstæður ofl.

Innra mat

Mikilvæg skylda er að meta skólastarf og er markmið með *Innra mati á leikskólastarfi* að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Markmið með mati er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks á þroska barna, námi og líðan. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á: Alhliða þroska,

sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti.

Matsáætlun

Það var mat stjórnenda í leikskólanum á síðasta skólaári að matskerfi leikskólans þurfi frekari þróunar við. Undanfarna tvo vetur hefur það verið í þróun og ýmsar breytingar gerðar til að koma til móts við óskir starfsfólks um gegnsærra og einfaldara kerfi sem gefi skýrari mynd af stöðunni. Settar voru upp netkannanir mánaðarlega. Þar gat fólk tjáð skoðanir sínar óháð skoðun annarra. Þó er það mat stjórnenda að þessi aðferð sé ekki að skila því sem lagt var upp með og því þarf að endurskoða kerfið. Setja þarf upp matsáætlun sem nær til nokkurra ára og hægt er að framfylgja á einfaldan hátt. Þeir þættir sem líta þarf til og eru mikilvægir í starfsmannakönnun eru: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsandi, vinnuaðstaða, álag og áreitni og einelti.

Aðrar matsaðferðir sem eru notaðar eru:

- Í námsmati barna eru notað; TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna, Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum, MOT hreyfiþroskapróf, íslenski smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn þegar við á, ásamt fleiri þroskalistum sem aðgangur er að í gegnum Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Starfsmenn meta starfið ýmist á deildarfundum eða í formi kannana.
- Tekið er viðtal við elstu börn leikskólans að vori í tengslum við útskrift og eru þau spurð ýmissa spurninga, hvað þeim þykir skemmtilegt, leiðinlegt og hvort eitthvað mætti vera öðruvísi eða hvort eitthvað vanti.

Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt hefur upp á að bjóða. Félagssleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Samstarfið er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða heimsóknir á báða bóga og aðlögun leikskólabarnanna að grunnskólanum og hinsvegar eru sameiginleg foreldrafærninámskeið.

Elstu börn leikskólans taka þátt í smiðjum að vori en þá er þeim skipt í hópa ásamt börnum úr 1. bekk og taka þátt í smiðjum vikulega yfir ákveðin tíma. Þau fara í mat í mötuneyti skólans, taka þátt í þemadögum að vori og þeim býðst að taka þátt í ýmsum uppákomum eða sjá t.d. leiksýningar nemenda. Auk þess fara þau vikulega í íþróttahúsið alveg frá hausti og æfa sig í að fara í fataklefan þar og einnig er farið í reglulegar heimsóknir á bókasafnið.

Skólafærninámskeiðin eru þrjú. Það fyrsta er haldið í leikskólanum og farið yfir áætlun og áherslur vetrarins og fyrirkomulag samstarfsins. Annað námskeiðið er haldið í Hvolsskóla og er þar farið yfir hvaða þættir eru mikilvægir hjá barni sem er að hefja nám í grunnskóla en m.a. er farið yfir mikilvægi

lestrarnáms ásamt praktískum atriðum á borð við dagvistun eftir skóla. Þriðja námskeiðið er síðan haldið að vori og er það nokkurskonar uppskeruhátíð haldin í Hvolsskóla. Farið er í leiki í skólanum, litið í skólabækur, farið í ratleik um skólann og svo grillaðar pylsur á eftir.

Símenntun

Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann. Starfsfólki stendur til boða að sækja afar fjölbreytt námskeið sem Skólaþjónustan skipuleggur. Leikskólinn greiðir 10.000 fyrir hvern starfsmann á þessi námsekið á hverju skólaári. Þetta var gert til að ýta undir að fólk myndi sækja þessi námskeið.

Starfsdagar

Starfsmannafundir og skipulagsdagar eru nokkrir á skólaárinu. Þeir eru skipulagðir í samstarfi við Hvolsskóla og reynt er eftir fremsta megni að skipuleggja þá þannig að þeir sér á sömu dögum í báðum skólum til að koma til móts við foreldra sem eiga nemendur í báðum skólum.

Stoðþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna í kring. Þar hefur leikskólinn aðgang að leikskólaráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.

Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf til skólustjóra, kennara og annars starfsfólks leikskólans, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólann stöðugt í starfi. Hann veitir ráðgjöf og stuðning varðandi líðan, náms og þroskastöðu, félagsfærni og hegðun. Situr m.a. í teyllum um málefni einstaklinga og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um.

Í leikskólanum er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávík vaknar eða þörf talin vera á viðbótar kennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en síðan eru önnur sem þurfa úrræði til lengri tíma. Aðstoðarleikskólastjóri er yfirmaður sérkennslu og skipuleggur hana. Hann gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunarinnar/sérkennslunnar. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í hópnum, einstaklingslega eða í fámennum leikhópum. Lögð er mikil áhersla á efla málþroska barna í starfinu öllu með aðstoð sérkennslustjóra.

Öryggis og slysavarnarmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli fer fram í daglegri yfirlitsskoðun. Tilgangur hennar er að greina strax

hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti er öryggistrúnaðarmaður kosinn úr hópi starfsfólks.

Hlutverk hans er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er svokallað áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans.

Öryggistrúnaðarmaður er Anna Kristín Helgadóttir. Öryggisvörður er Anna Margrét Aðalsteinsdóttir.

Skemmtinefnd

Í skemmtinefnd sitja fjórir fulltrúar. Þeir eru kosnir til tveggja ára í senn og eru 2 kosnir á hverju ári.

Skemmtinefnd sér um að skipuleggja viðburði nokkrum sinnum á ári bæði á vinnutíma og einnig utan hans. Starfsfólk greiðir 1500kr mánaðarlega í starfsmannafélag og eru þessir peningar nýttir til margra viðburða. Sú breyting varð í haust að 500 krónur af skemmtinefndargjaldinu fara í sameiginlegan gjafasjóð sem ætlaður er til að gefa starfsmannagjafir á merkim tímamótum.

Umbótaáætlun

Samkvæmt mati frá síðasta ári eru nokkur verkefni sem vinna þarf í vetur.

- Vinna þarf nýtt matskerfi og áætlun.
- Leikskólinn sótti fyrir rúmlega ári síðan um í verkefninu heilsueflandi leikskóli og hefur fengið inngöngu. Farið verður í verkefnið í samstarfi við Hvolsskóla sem einnig sótti um og hefur fengið inngöngu.
- Áfram þarf að huga að samskiptum og samvinnu starfsfólks og passa að vera vakandi fyrir álagi og starfsanda. Taka eftir hrósa og styðja.
- Uppfæra þarf áætlanir á borð við Eineltisáætlun og jafnréttisáætlun.
- Vinna þarf læsisstefnu ásamt grunnskóla, símenntunaráætlun, og viðbragðsáætlun.

Framtíðarsýn - Lokaorð

Það tók nýr leikskólastjóri við í júlí.

Við hlökkum til komandi vetrar. Þriðji veturinn sem við erum með 5 deildar og leggst það vel í okkur.

Við sjáum fram á svipaðan fjölda barna í vetur og síðasta vetur. Í elsta hóp eru núna 18 nemendur.

Við höldum áfram að þróa okkur í starfi og leggjum áherslu á stefnuna okkar ásamt því að vera með ART kenningu fyrir elstu nemendur.

Við erum stöðugt að þróa okkur í starfi og leita leiða til að gera starfið skilvirkara og betra, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Við munum halda í og fagna okkar hefðum og taka þátt í ýmsum menningarátburðum sem okkur er boðið á. Skemmtinefndin sér um að skipuleggja viðburði og daga til að brjóta upp hversdaginn.

Almennt eru dagarnir hér skemmtilegir, mikið unnið, hlegið og leikið .

Leikskólinn Örk 11. október 2017

Starfsmenn

Tónaland

Deildarstjóri

Árný Jóna Sigurðardóttir, leikskólakennari

Maria Helena Abranja, leiðbeinandi
Guðríður Gísladóttir, leiðbeinandi
Justyna Lis, leikskólakennaranemi
Sigurlín Sigurðardóttir, leiðbeinandi

Undraland

Deildarstjóri

Unnur Óskarsdóttir, leikskólakennari
Ásta Sveinbjörnsdóttir, leiðbeinandi
Þórey Þorkeldsdóttir, leiðbeinandi
Valborg Jónsdóttir, leikskólakennari

Ævintýraland

Deildarstjóri

Ingibjörg M. Sæmundsdóttir, leiðbeinandi

Þórunn Jónsdóttir, leikskólakennari
Davíð Örn Ólafsson, leiðbeinandi
Justyna Broniszewska,
leikskólakennaranemi
Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir, leikskólaliði
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir, leiðbeinandi

Óskaland

Deildarstjóri

Anna Kristín Helgadóttir, leikskólakennari

Andrea Hrund Bjarnadóttir,
leikskólakennaranemi
Sarah Maagaard Nielsen, leiðbeinandi
Monika Filipczuk, leikskólakennari

Draumaland

Deildarstjóri

Katarzyna Ciechanowska, leiðbeinandi

Freyja Smáradóttir, leiðbeinandi
Judith Jónsdóttir, leiðbeinandi
Írena Víglundsóttir, leiðbeinandi

Aðstoðarleikskólastjóri

Elísabet Hlíðdal, uppeldis- og menntunarfræðingur

Gréta Helgadóttir, iðjubjálfi

Sérkennsla

Matreiðslumeistari

Eggert Rúnar Birgisson

Starfsmaður í eldhúsi

Margrét Eygló Birgisdóttir
Judith Baena

Afleysing

Vera Lucia Abranja Dos Santos, leiðbeinandi
Judith Baena, leiðbeinandi

Fæðingarorlof

Harpa Sif Þorsteinsdóttir,
leikskólakennaranemi
Anna Rún Einarsdóttir, íþróttifræðingur
Elín Björk Sigurjónsdóttir, leiðbeinandi
Eva Mjöll Sigurjónsdóttir, leiðbeinandi
Ana Moita, leiðbeinandi

Ræsting

Joao Maria Moita
Lára Leifsdóttir

Leikskólastjóri

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, leikskólakennari

Fastir liðir í leikskólastarfi			2017	2017	2017	2017	2017		2018	2018	2018	2018	2018	2018	2018
			Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	
Fastir liðir	Þjónusta	Foreldraráðsfundur				X				X					
Fastir liðir	Þjónusta	Viðhorfskönnun starfsmanna á starfi							X						
Fastir liðir	Þjónusta	Viðhorfskönnun foreldra á starfi													
Fastir liðir	Þjónusta	Foreldraviðtöl	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X
Fastir liðir	Þjónusta	Kynningafundur			X										
Fastir liðir	Þjónusta	Skólafærinámsskeið			X				X				X		
Fastir liðir	Þjónusta	Hljóm-2 próf		X					X						
Fastir liðir	Þjónusta	Tras	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X
Fastir liðir	Þjónusta	Mot					X		X	X	X	X	X	X	X
Fastir liðir	Þjónusta	Dagur íslenskra tungu				X									
Fastir liðir	Þjónusta	Dagur leikskólans							X						
Fastir liðir	Þjónusta	Aðventukaffi					X								
Fastir liðir	Þjónusta	Kirkjuheimsókn					X								
Fastir liðir	Þjónusta	Jólaball					X								
Fastir liðir	Þjónusta	Þorablót							X						
Fastir liðir	Þjónusta	Bolludagur								X					
Fastir liðir	Þjónusta	Sprengidagur								X					
Fastir liðir	Þjónusta	Öskudagur								X					
Fastir liðir	Þjónusta	Ömmu- og afakaffi									X				
Fastir liðir	Þjónusta	Útskriftarferð										X			
Fastir liðir	Þjónusta	Opið hús										X			
Fastir liðir	Þjónusta	Vorsýning										X			
Fastir liðir	Þjónusta	Útskrift elstu barna										X			
Fastir liðir	Þjónusta	Litavikur	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	
Fastir liðir	Þjónusta	Vísindavika								X					

Fastir liðir í leikskólastarfi			2017	2017	2017	2017	2017		2018	2018	2018	2018	2018	2018	2018
			Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des		Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí
Umbætur	Mannauður	Rýmingaráætlun										X			
Umbætur	Mannauður	Viðbragðsáætlun										X			
Umbætur	Mannauður	Skipulagsdagur		X					X			X	X		
Umbætur	Mannauður	Starfsmannafundir		X		X			X		X		X		
Umbætur	Mannauður	Stefnumótunarvinna/þróunarvinna	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	
Umbætur	Mannauður	Innra mat deildarstjórafundir	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X		
Umbætur	Mannauður	Innra mat deildarfundir	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X		
Umbætur	Mannauður	Innra mat samráð við sérkennslu	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X		
Umbætur	Mannauður	Innra mat samráð við mótuneyti	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X		
Umbætur	Mannauður	Vinna við starfsmannahandbók		X	X	X	X		X	X	X	X	X		
Umbætur	Mannauður	Undirbúningur næsta skólaárs									X	X	X	X	
Umbætur	Mannauður	Gerð starfsáætlunar												X	
Umbætur	Mannauður	Ársskýrsla												X	
Símenntun	Mannauður	Haustþing Félags leikskólakennara			X										
Símenntun	Mannauður	Fræðsluerindi hjá Skólalþjónustu	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X		
Símenntun	Mannauður	ART - námskeið		X											
Símenntun	Mannauður	Tras skráning á málþroska		X											
Símenntun	Mannauður	Trúnaðarmannanámskeið FL			X										
Símenntun	Mannauður	Trúnaðarmannanámskeið FOSS													
Símenntun	Mannauður	Starfsþróunarviðtöl								X	X				
Símenntun	Mannauður	Starfsmannaviðtöl								X	X				
Símenntun	Mannauður	Gerð símenntunaráætlunar										X			
Starfsgleði	Mannauður	Feitur föstudagur			X	X			X		X	X			
Starfsgleði	Mannauður	Starfsmannagleði		X	X	X	X		X	X	X	X	X		

Deildastjórafundir eru einu sinni í viku. Deildarfundir eins og hægt er, reynt er að nýta útiveru fyrir deildarfundum þar sem starfsmenn geta hjálpast að.

Skóladagal

Skóladagatal 2017-2018

Örk

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Aðventukaf	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 S	1 Þ Verkalyösa	1 F	1 S
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ Starfsdagur	2 F	2 F	2 M Annar í pas	2 M	2 L	2 M Sumarfrí
3 F	3 S	3 Þ Kynningar	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ Litavika blá	3 F	3 S	3 Þ Sumarfrí
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Aðventukaf	4 F	4 S	4 S	4 M Blár dagur	4 F Rugludagur	4 M	4 M Sumarfrí
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ Aðventukaf	5 F	5 M Litavika gra	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Sumarfrí
6 S	6 M	6 F	6 M Köflótt vika	6 M Aðventukaf	6 L	6 Þ Dagur leiks	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F Sumarfrí
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Aðventukaf	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 L
8 Þ	8 F Starfsdagur	8 S	8 M Fundur	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ Röndótt vik	8 F	8 S
9 M	9 L	9 M Litavika ble	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L	9 M Sumarfrí
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M Ljósadagur	10 L	10 L	10 Þ	10 F Uppstignin	10 S	10 Þ Sumarfrí
11 F	11 M Litavika Br	11 M	11 L	11 M Litavika - ra	11 F	11 S 112 dagarir	11 S	11 M	11 F	11 M	11 M Sumarfrí
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F Sumarfrí
13 S	13 M	13 F Haustþing	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidag	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Sumarfrí
14 M Litavika fjólu	14 F	14 L	14 Þ	14 F Jólabbal	14 S	14 M Öskudagur	14 M	14 L	14 M	14 F	14 L
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F Söngstund	15 M Litavika sve	15 F Starfsdagur	15 F	15 S	15 Þ Ferðalag	15 F	15 S
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F Fundur	16 M	16 M	16 L	16 M Sumarfrí
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F Opið hús	17 S Þjóðhátíðar	17 Þ Sumarfrí
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M	18 M Sumarfrí
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ Kirkja	19 F	19 M Vísindavika	19 M Litavika gul	19 F Sumardagur	19 L	19 Þ	19 F Sumarfrí
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M Jóláhugvek	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Sumarfrí
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M Annar í hví	21 F	21 L
22 Þ	22 F Rugludagur	22 S	22 M	22 F Söngstund	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F Söngstund	23 F Ö+A kaffi	23 M	23 M	23 L	23 M Sumarfrí
24 F	24 S	24 Þ	24 F Söngstund	24 S Aðfangadag	24 M	24 L	24 L	24 Þ Fundur	24 F Útskrift	24 S	24 Þ Sumarfrí
25 F Söngstund	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F Starfsdagur	25 M	25 M Sumarfrí
26 L	26 Þ Þróttadagur	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólu	26 F Þorrablót	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F Sumarfrí
27 S	27 M	27 F Bangsadagur	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F Söngstund	27 S	27 M	27 F Sumarfrí
28 M	28 F Fundur	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 L
29 Þ	29 F Söngstund	29 S	29 M	29 F Söngstund	29 M		29 F Skírdagur	29 S	29 Þ	29 F Söngstund	29 S
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 F Fostudagur	30 M	30 M	30 L	30 M
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 L		31 F		31 Þ